



Greiðslukortavelta jókst lítillega í september

Kortanotkun Íslendinga jókst um 0,5% milli ára í september og þróast nú í auknum mæli í takt við kaupmátt

Velta innlendra greiðslukorta jókst um 0,5% að raunvirði milli ára í september. Velta í verslunum hér á landi jókst um 0,3% milli ára miðað við fast verðlag og 1,5% í viðskiptum erlendis miðað við fast gengi. Til samanburðar var vöxturinn 10,3% erlendis og 3% í verslunum hér á landi í september í fyrra.

Líkt og bent hefur verið á í fyrri [Hagsjám](#) er verulega farið að hægja á kortaveltu Íslendinga. Á þriðja ársfjórðungi jókst kortaveltan alls um 0,2% milli ára sem er minnsti vöxtur síðan á fyrsta fjórðungi 2013.

Kortavelta þróast í takt við kaupmátt

Kortavelta þróast nú í auknum mæli í takt við kaupmátt launa sem bendir til að landsmenn séu síður að eyða umfram efni. Kaupmáttur launa hefur aukist um 1,1% milli ára á fyrstu tveimur mánuðum þriðja ársfjórðungs sem er tæpu prósentustigi ofar aukningunni í kortaveltu á þriðja ársfjórðungi.


Um mitt árið 2013 fór kortavelta að aukast hraðar en kaupmáttur launa og munaði mestu á öðrum fjórðungi ársins 2017 þegar kortavelta jókst um 12% milli ára á sama tíma og kaupmáttur launa jókst um 5%. Gögn síðustu missera benda til þess að viðsnúningur sé að verða á þessari þróun þar sem fólk heldur í auknum mæli að sér höndum og eyðir ekki umfram breytingu kaupmáttar. Frá fjórða ársfjórðungi síðasta árs hefur aukning í kortaveltu verið minni en aukning í kaupmætti launa á samsvarandi tímabili.

Um 20% af neyslunni kemur erlendis frá

Samsetning kortaveltunnar hefur tekið ákveðnum breytingum síðustu ár þar sem aukinn hluti fer fram í gegnum viðskipti erlendis, bæði í gegnum fleiri utanlandsferðir Íslendinga og aukningar netverslunar. Það sem af er ári hefur um 20% veltunnar verið erlendis og var hlutfallið til samanburðar um 11% fyrir 5 árum síðan. Þó að hægt hafi á veltunni erlendis og vöxtur mælist mun minni


Hagsjá

Greiðslukortavelta




Mánaðarleg gögn. Greiðslukortavelta í verslun hérlendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis
Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Kortavelta og kaupmáttur launa



Ársfjórðungsleg gögn. Greiðslukortavelta í verslun hérlendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis. *Gögn um kaupmátt launa á þriðja fjórðungi ársins 2019 eiga við júlí og ágúst
Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Samsetning kortaveltunnar



Mánaðarleg gögn. Greiðslukortavelta í verslun hérlendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis
Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



nú en fyrir ári síðan kom um 21% veltunnar í september erlendis frá sem er svipað hlutfall og mældist í september fyrir ári síðan.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.